**Dags og tími,** 28.10.2024, fundur 8/2024.
Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til um kl. 14:35.
Fundarstjórn – KÓG
Ritun fundargerðar- KÓG

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður.

**Mættir**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

Dagbjartur Brynjarsson, sérfræðingur hjá Ferðamálastofu, kom á fundinn undir lið 2.

<u>Dagskrá - fundargerð</u>

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.
    a. Samþykkt

2. Banaslys í Stuðlagili – staða mála
    a. Kynning á stöðunni – rýnifundur og fl.
        i. Rýnifundur var haldinn með björgunarsveitum og lögreglu
            1. Aðgerðin sjálf þótti takast vel
                a. Björgunarsveitir útbúa aðgerðaráætlun/gátlista, í ljósi reynslunnar, um helstu atriði er framkvæma þarf komi sambærilegur atburður fyrir aftur
                    i. Er í vinnslu (SHOZ)
            2. Farsíma- og fjarskiptasamband á vettvangi
                a. Erfitt farsíma- og fjarskiptasamband
                    i. Íslandsturnar með uppsetningu masturs í bígerð fyrir farsíma, - búið að ræða við Neyðarlínu um nauðsyn á Tetra sambandi einnig
                        1. KÓG

3. Skipulagsmál – Múlaþing
    a. Vinnu við rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs fyrir Stuðlagil lauk með gildistöku skipulagsáætlunar 20. mars 2024.
    b. Deiliskipulag ferðaþjónustu í landi Klaustursels tók gildi 21. október 2024.

b. Kynning af hálfu fulltrúa Samtaka í ferðaþjónustu, - Dagbjartur Brynjarsson frá ferðamálastofu kynnir verkefni ferðamálastofu varðandi öryggi ferðamannastaða
    i. Kynning og umræður
        1. Farið yfir helstu verkefni og hlutverk Ferðamálastofu þegar kemur að öryggismálum ferðamanna
        2. Býður það að koma til aðstoðar í almannavarnaástandi og í aðgerðastjórn
            a. Geta veitt aðstoð og góð ráð þegar kemur til að mynda að gistimöguleikum fyrir ferðamenn er lent hafa í óhöppum eða vandræðum, -
                i. til að mynda við aðstæður eins og stundum hafa skapast hafa á Möðrudal yfir vetrartímann þar sem tugir ferðamanna eru í vanda, fastir vegna færðar og veðurs!

3. Vinna JBH – kynning
    a. Rýmingarkort
        i. Vinnu við rýmingarkorti í Neskaupstað lokið
        ii. Verið að vinna að kortum fyrir Seyðisfjörð, Eskifjörð, Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð.
        iii. Öll kort vonandi tilbúin og stimpluð eigi síðar en í lok næsta mánaðar
    b. Vettvangsstjórnstöðvar í húsakynnum björgunarsveita?
        i. Úttekt á búnaði þeirra í gangi, - ætti að ljúka fljótlega
    c. Endurskoðun almannavarnalaga
        i. Engin tíðindi, bíður að líkindum nýs ráðherra að leggja lokahönd á það verk

4. Íbúafundur í Neskaupstað, 22. okt. sl.
    a. Hvernig gekk?
        i. Farið yfir afrakstur frá vinnufundi haldinn á svipuðum tíma á síðasta ári. Einnig kynnt hvað helst er framundan
            1. Góður fundur og vonandi upplýsandi. Rétt ríflega hundrað manns sem mættu að talið er
        ii. Stefnt að því að halda sambærilegan fund á Seyðisfirði og á Eskifirði
            1. BI og JBH finna tíma fyrir fund á Seyðisfirði
            2. JBH finnur tíma fyrir fund á Eskifirði

5. Framhald síðasta fundar
    a. Þjálfunarmál – námskeið, - aðgerða- og vettvangsstjórn
        i. Æfing var 11. sept. sl. í stjórnstöð aðgerðastjórnar á Egilsstöðum, - aðgerðagrunnur þá kynntur af hálfu almannavarnadeildar RLS.
            1. Tókst vel.
        ii. Næsta æfing haldin 13. nóv. – þá farið yfir verklag í tengslum við rýmingar
    b. Verkþáttastjórnun, - björgunarstjóri
        i. Varaslökkviliðsstjóri Múlaþings veltir því upp hvort hægt sé að fá námskeið fyrir verkþáttastjóra.
            1. Fyrirspurn send á almannavarnadeild RLS, svars beðið

    c. Mönnun „upplýsingamiðstöðvar" í rýmingum, - The HuT
        i. Vinnustofa varðandi Evrópuverkefnið The HuT sem Austurbrú vinnur í samstarfi með Veðurstofu Íslands og Almannavarnadeild RLS, var haldin 21. mars síðastliðinn, - ekki ósvipað því verkefni sem í gangi er hjá almannavarnanefnd Austurlands og miðar að því að tryggja upplýsingamiðlun og móttöku.
            1. Verkefnið snýr fyrst og fremst að Seyðisfirði, - gæti verið tilbúið til notkunar í vetur. (JBH)
                a. Afgreitt.

    d. Greining á áhættu og áfallaþoli – hvar er það statt?
        i. JBH
            1. https://www.almannavarnir.is/ahaettumat/sveitarfelog/
            2. https://www.almannavarnir.is/wp-content/uploads/2021/12/Lei-sveitarf.html
                a. JBH kallað eftir frekari svörum um verkefnið hjá almannavarnadeild RLS

    e. Sjálfbærniúttekt í Fljótsdalsstöð - viðtal við hagaðila
        i. Verkefni á vegum Fljótsdalsstöðvar er snýr meðal annars að áhættumati.
            1. Fulltrúar lögreglu og slökkviliðs Múlaþings m.a. kallaðir til.
                a. Afgreitt.

    f. Einungis einn sjúkrabíll á Djúpavogi og sá næsti svo á Breiðdalsvík. Mikið álag á stundum á Djúpavogi þegar stór skemmtiferðaskip eru á svæðinu. Þarf að gera ráðstafanir vegna þessa?
        i. Múlaþing skoðar (BI)
            1. Verður tekið fyrir síðar í haust og metið hvort ástæða sé til aðgerða

6. Hreyfingar verið í Öskju sem gefa tilefni til að ætla að gos sé í nánd.
    a. Áhyggjur viðraðar á því hvaða áhrif öskufall geti haft á vatnsból, að opin vatnsból og jafnvel önnur geti orðið fyrir áhrifum eitrunar. Hvort ástæða sé til að vara við

notkun vatns úr opnum vatnsbólum eða jafnvel grunnum brunnum ef kemur til töluverðs öskufalls á svæðinu.

   i. Í skoðun. (BI)

7. Önnur mál
   a. Fulltrúi Fljótsdalshéraðs kynnir umbætur á göngustíg að/við Hengifoss. Hægt að fara til aðstoðar að/inn í gilið á bílum/fjórhjólum verði þar óhapp.

8. Næsti fundur haldinn mánudaginn 2. desember kl. 13:30.

-------

**Verkefni í bið**

- Hópslys í fjalllendi
  a. Vinna hefst þegar viðbragðsáætlun vegna snjóflóða á skíðasvæðum lýkur

- Snjóflóð á skíðasvæðum
  b. Fyrri bókanir:
     i. Viðbragðsáætlun í vinnslu, stefnt að því að henni verði lokið í október nk.
     ii. Fræðsla / þjálfun
        1. Sameiginleg skref þegar verið stigin, unnið að því að skipuleggja þann þátt til framtíðar
     iii. Búnaðarmál
        1. Þegar verið gerð gangskör að því að bæta búnað á skíðasvæðum. Þarfagreining í gangi.
     iv. Verklag – skipulag
        1. Farið að vinna eftir breyttu verklagi. Ítarlegra verklag þó enn í vinnslu.
     v. Vonir standa til að allri vinnu er lýtur að snjóflóðaeftirliti og vörnum á skíðasvæðum verði lokið fyrir áramót.

- Áætlanir
  - o Gróðureldar. (Slökkvilið Múlaþings.)

**Dags og tími,** 02.12.2024, fundur 9/2024.
Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til um kl. 14:30.
Fundarstjórn – KÓG
Ritun fundargerðar- KÓG

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Múlaþings
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður.

**Mættir**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Ingvar Birkir Einarsson, varamaður slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Múlaþings
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi.

Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður.

**Dagskrá - fundargerð**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.
    a. Samþykkt

2. Ársreikningur Almannavarnanefndar lagður fram til samþykktar
    a. Verður sendur á næstu dögum til fulltrúa sveitarfélaganna fjögurra til samþykktar.

3. Gjaldtaka næsta árs
    a. Gert ráð fyrir að gjaldtaka verði óbreytt á næsta ári. Þá var samþykkt að greiða 39.000 + vsk á mánuði fyrir kortasjá hjá Loftmyndum og upplýst um kostnað yfir 800.000 + vsk vegna vinnu við gerð rafræna lausna hjá Loftmyndum.
        i. Lögreglustjóri fékk heimild til að greiða reikninginn

4. Rýmingar til skoðunar um helgina vegna óveðurs
    a. Vegna mikillar ofankomu í fjórðungnum um síðustu helgi, sér í lagi í Neskaupstað, var Veðurstofan með áform um að lýsa yfir óvissustigi að kvöldi

29. nóv. og rýma svæði NE01 í Neskaupstað, frá leiðigörðum og inn eftir að gatnamótum ofan Síldarvinnslu

   i. Engin búseta er á svæðinu en til skoðunar að loka veginum eða hafa á honum gæslu. Ekki þótti að endingu ástæða til en hvorutveggja kallar engu að síður á talsverðan viðbúnað. Brýnt því að tryggja lokunarskilti eða slár til að hægt sé að loka veginum eða hafa eftirlit með umferð um hann þegar svo stendur á.
      1. Fjarðabyggð með lokunarskilti/slár á sínu borði, - tíðinda að vænta þar vonandi innan tíðar.
      2. Fjarðabyggð skoðar einnig möguleikann á að setja upp myndavélavöktun á vegarkaflann og eins að koma fyrir snjódýptarmælum í hlíðinni fyrir ofan.
   ii. (Rætt var við Veðurstofu eftir helgi, að loknum fundi almannavarnanefndar þó ekkert hafi orðið úr óvissustigi, og kannað hvort breytingar hafi orðið á mati Veðurstofu almennt um að heimila umferð um veg við sérstakar aðstæður jafnvel þó hús væru rýmd á sama svæði.
      1. Engin breyting orðið, - umferð að öllu jöfnu heimil, fer þó að sjálfsögðu eftir aðstæðum, og þá mögulega undir eftirliti. )

5. **Erindi frá Múlaþing**
   a. **Borgarfjörður**
      i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**
         1. Efla sérúrræði fyrir þau sem eru langt frá heilbrigðisþjónustu.
         2. Allir viðbragðsaðilar á svæðinu þurfa að hafa aðgang að t.d. hjartastuðtæki.
         3. Samnýting búnaðar milli slökkviliðs, björgunarsveitar og HSA. Ákveðið utanumhaldsleysi og samskipti ekki skipulögð milli þessara aðila.
         4. Björgunarsveitarbílarnir hafa ekki aðbúnað til að ferja sjúklinga.
         5. Búnaður í eigu björgunarsveitar fer jafnvel með sjúkrabílum þegar sjúklingar eru fluttir og erfitt að nálgast hann aftur.
         6. Koma þessu á heimastjórn og koma skipulagi á þessi mál.

            ---------------

         7. Ákveðið að atriðin öll hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu. (Múlaþing/HSA og fl.)

   b. **Djúpivogur**
      i. **Tillögur / umræður frá íbúafundi**
         1. Þurfum að bæta lögregluviðveru, sérstaklega þegar það eru skemmtiferðaskip í landi.
            Þurfum ekki nema einn slasaðan einstakling, þá er sjúkrabílinn farinn og enginn annar til staðar.
            Sveitarfélagið greini þetta og átti sig á því hvað þarf að vera á staðnum.

            --------------

         2. Ákveðið að atriðin öll hér að ofan fari til undirhóps almannavarnanefndar til afgreiðslu.

6. Erindi frá Múlaþingi í framhaldi af skrifborðsæfingu 14.11, - þörf á að ræða og fylgja eftir:
    a. Hlutverki veitustofnana (sbr. HEF veitur í Múlaþingi) í aðgerðaráætlun, ætti það að vera meira og öflugra.
        i. Mat fundarmanna það að samkvæmt aðgerðaáætlunum og verklagi er gert ráð fyrir að lykilaðilar/einingar við hvert verkefni geti verið kallaðar inn í aðgerðastjórn, eftir því hvaða verkefni er í gangi. Ekki talin ástæða til breytinga á áætlunum
    b. Ferjuhúsið á Seyðisfirði sem aðgerðarstjórnstöð, breyting / skoða
        i. BI mun fara yfir þetta með sínu fólki og gera drög að samstarfssamningi Múlaþings við almannavarnir um aðgang að ferjuhúsinu sem aðgerðastjórnstöð/vettvangsstjórn.

7. Vinna JBH – kynning
    a. Rýmingarkort
        i. Eru langt komin og kynningar í gangi, - þær hefjast og þeim lýkur í þessari viku:
            1. Seyðisfjörður, - Herðubreið þriðjudaginn 3. desember kl. 17:00.
            2. Stöðvarfjörður, - Grunnskólinn miðvikudaginn 4. desember kl. 16:00.
            3. Fáskrúðsfjörður, - Grunnskólinn miðvikudaginn 4. desember kl. 18:00.
            4. Neskaupstaður, - Nesskóli, miðvikudaginn 4. des. kl. 20:00.
            5. Eskifjörður, - Grunnskólinn fimmtudaginn 5. desember kl. 20:00.
    b. Vettvangsstjórnstöðvar í húsakynnum björgunarsveita?
        i. Komin gróf mynd af búnaði í björgunarsveitarhúsa og aðstöðu, verið að skoða og meta þörf á viðbótum til að húsakynnin geti virkað sem vettvangsstjórnstöðvar

8. Framhald síðasta fundar
    a. Íbúafundir fyrirhugaðir á Eskifirði og Seyðisfirði
        i. BI og JBH finna tíma fyrir fund á Seyðisfirði
            1. Afgreitt, sjá lið 7 hér að ofan
        ii. JBH finnur tíma fyrir fund á Eskifirði
            1. Afgreitt, sjá lið 7 hér að ofan
    b. Þjálfunarmál – námskeið, - aðgerða- og vettvangsstjórn
        i. Æfing var 13. nóv. sl. í stjórnstöð aðgerðastjórnar á Egilsstöðum, - verklag í tengslum við rýmingar
            1. Allir sammála því að um góða viðbót sé að ræða. Mikilvægt að halda áfram að þróa þessar æfingar, umfang þeirra og skipulag
        ii. Næsta æfing fyrirhuguð seinnipart janúarmánaðar, - Öskjugos
            Dagskrá –
            - Veðurstofa fer yfir helstu sviðsmyndir Öskjugoss fyrir Austurland
            - Farið yfir viðbragðsáætlun fyrir Austurland vegna öskufalls, - sjá meðfylgjandi

- Fulltrúi Múlaþings, Aðasteinn Þórhallsson, fer yfir viðbrögð/áætlanir Múlaþings í tengslum við mögulegt öskufall
- Umræður

c. Verkþáttastjórnun, - björgunarstjóri
    i. Varaslökkviliðsstjóri Múlaþings veltir því upp hvort hægt sé að fá námskeið fyrir verkþáttastjóra.
        1. Fyrirspurn var fyrir nokkru send á Almannavarnadeild RLS, svars beðið
        2. Nýlega komin þjálfunargrunnur/æfing fyrir slökkvilið innan raða brunavarna á landsvísu sem slökkviliðið mun nýta,
            a. - erindið því afgreitt að sinni.

d. Greining á áhættu og áfallaþoli – hvar er það statt?
    i. JBH
        1. https://www.almannavarnir.is/ahaettumat/sveitarfelog/
        2. https://www.almannavarnir.is/wp-content/uploads/2021/12/Lei-sveitarf.html
            a. Beðið frekari svara um um verkefnið hjá Almannavarnadeild RLS

9. Hreyfingar í Öskju
    a. Áhyggjur viðraðar á því hvaða áhrif öskufall geti haft á vatnsból, - að opin vatnsból og jafnvel önnur geti orðið fyrir áhrifum eitrunar. Því velt upp hvort ástæða sé til að vara við notkun vatns úr opnum vatnsbólum eða jafnvel grunnum brunnum ef kemur til töluverðs öskufalls á svæðinu.
        i. Sjá lið 8bii, - æfing - Öskjugos

10. Önnur mál
    a. MMS – vakti athygli á að fyrirhuguð er æfing er snýr að heimilisofbeldismálum þar sem stofnanir fara yfir og freista þess að smyrja samstarfið sín á milli, - er gert í anda almannavarnaæfinga og er áhugavert hvernig verklag eins getur yfirfærst og nýst öðrum.
    b. JÁÞ – vakti athygli á að 50 ár eru þann 20. desember liðin frá snjóflóðunum í Neskaupstað.
        i. Fyrirhugað er að minnast atburðarins þann dag með kertaljósa- og blysgöngu. Boðið upp á jólahressingu í lok göngu.
            1. Allir velkomnir
    c. BI, - áréttaði mikilvægi þess að skipulega verði bragarbætur gerðar á þeim svartblettum í farsímakerfinu sem eru alltof víða í umdæminu.
        i. Nýlega sendu viðbragðsaðilar upplýsingar um helstu staði þar sem slíka svartbletti er að finna, til „Gagna ehf" sem er að vinna úttekt á þessum málum fyrir Austurbrú og leita úrbóta. Úttektin nær til farneta (farsímakerfa), Tetra, Fastaneta (ljósleiðara dreifingar) og útvarpsskilyrða.
            1. Ákveðið að bíða og sjá hvað út úr þessari vinnu kemur.

11. Næsti fundur haldinn 10. feb. 2025 kl. 13:30.

-------

**Verkefni í bið**

- Hópslys í fjalllendi
    a. Vinna hefst þegar viðbragðsáætlun vegna snjóflóða á skíðasvæðum lýkur

- Snjóflóð á skíðasvæðum
    b. Fyrri bókanir:
        i. Viðbragðsáætlun í vinnslu, stefnt að því að henni verði lokið í október nk.
        ii. Fræðsla / þjálfun
            1. Sameiginleg skref þegar verið stigin, unnið að því að skipuleggja þann þátt til framtíðar
        iii. Búnaðarmál
            1. Þegar verið gerð gangskör að því að bæta búnað á skíðasvæðum. Þarfagreining í gangi.
        iv. Verklag – skipulag
            1. Farið að vinna eftir breyttu verklagi. Ítarlegra verklag þó enn í vinnslu.
        v. Vonir standa til að allri vinnu er lýtur að snjóflóðaeftirliti og vörnum á skíðasvæðum verði lokið fyrir áramót.
- Áætlanir
    o Gróðureldar. (Slökkvilið Múlaþings.)

- Banaslys í Stuðlagili – staða mála
    a. Kynning á stöðunni – rýnifundur og fl.
        i. Rýnifundur var haldinn með björgunarsveitum og lögreglu
            1. Aðgerðin sjálf þótti takast vel
                a. Björgunarsveitir útbúa aðgerðaráætlun/gátlista, í ljósi reynslunnar, um helstu atriði er framkvæma þarf komi sambærilegur atburður fyrir aftur
                    i. Er í vinnslu (SHOZ)
            2. Farsíma- og fjarskiptasamband á vettvangi
                a. Erfitt farsíma- og fjarskiptasamband

i. Íslandsturnar með uppsetningu masturs í bígerð fyrir farsíma, - búið að ræða við Neyðarlínu um nauðsyn á Tetra sambandi einnig
    1. KÓG

- Einungis einn sjúkrabíll á Djúpavogi og sá næsti svo á Breiðdalsvík. Mikið álag á stundum á Djúpavogi þegar stór skemmtiferðaskip eru á svæðinu. Þarf að gera ráðstafanir vegna þessa?
    - Múlaþing skoðar (BI)
        - Verður tekið fyrir síðar í haust og metið hvort ástæða sé til aðgerða

-

- Endurskoðun almannavarnalaga
    vi. Engin tíðindi, bíður að líkindum nýs ráðherra að leggja lokahönd á það verk

-